


Ævintýraleg ævi

Saga vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot



Berglind Gréta Kristjánsdóttir skrifaði texta bókarinnar
Eyþór Eyjólfsson myndskreytti

Verkefnið var styrkt af Menningarsjóði Suðurnesja árið 2014 og Dr. Bernard Dorgerði útgáfu þessa mögulega með rausnarlegum styrk árið 2017.

Berglind Gréta Kristjánsdóttir er bókmenntafræðingur og fyrrum starfsmaður Pekkingarseturs Suðurnesja. Hún starfar nú við Háskóla Íslands.

Eypór Eyjólfsson eða Eþorío eins og hann kallar sig, er ungur og hæfileikaríkur listamaður frá Reykjanesbæ. Hann leggur í dag stund á listnám við Listaháskólann í Bournemouth.


Pekkingarsetur Suðurnesja
Sandgerði
2017

Árið 1867 fæddist lítill strákur sem var skírður Jean-Baptiste Charcot. Hér á eftir munum við slást í för með honum og kynnast lífshlaupi hans sem var mikið ævintýri.

Þetta er hann Jean-Baptiste Charcot, hann er bara lítill strákur núna og hefur ekki hugmynd um að þegar hann verður fullorðinn verði hann virtur læknir, vísindamaður og landkönnuður sem á eftir að fara í margar ævintýraferðir um höfin blá.



Charcot litli býr hjá mömmu sinni og pabba í Frakklandi. Honum finnst ekkert skemmtilegra en að leika sér með trébátinn sinn og ímynda sér að hann sé skipstjóri á sínu eigin skipi. Honum finnst líka gaman að teikna myndir af skipum. Á öll skipin sem hann teiknar skrifar hann „Pourquoi-Pas?“ sem á íslensku þýðir „því ekki það“ eða „af hverju ekki“ en það ætlar hann að láta skipið sitt heita þegar hann verður skipstjóri.



Ástæðan fyrir nafninu á skipunum er sú að þegar fullorðna fólk spyr Charcot hvort hann ætli að verða skipstjóri þegar hann verður stór svarar hann með því að segja „af hverju ekki?“



Charcot er alltaf að reyna að búa til báta úr alls konar dóti. Einu sinni reyndi hann að sigla kassa á tjörninni heima hjá ömmu sinni og afa en kassinn var of veikburða og hvolfdi svo Charcot rennbleytti sparifötin sem mamma hans hafði klætt hann í um morguninn. Mamma hans og pabbi urðu alls ekki glöð með þetta uppátæki hans!



Pabbi Charcot er mikill dýravinnur og kennir honum að vera alltaf góður við þau dýr sem hann rekst á. Þessu fer Charcot eftir og þolir ekki þegar fólk er vont við dýr.



Charcot hefur alltaf þótt vænt um dýr og fyrstu leikfélagar hans voru önd, apinn Zibidi, hundurinn Sigurður og asninn Saladin. Hann vonast til þess að geta kynnst mörgum tegundum dýra í framtíðinni þegar hann verður farinn að sigla um heimsins höf.




Charcot á við eitt vandmál að stríða í sambandi við framtíðardrauma sína. Vandamálið er það að pabbi hans sem er frægur taugalæknir vill að Charcot verði líka læknir eins og hann. Hvernig á hann að geta orðið sjómaður og skipstjóri ef pabbi hans vill að hann verði læknir? Þeir komast að samkomulagi, Charcot á að fara í læknisnám og pabbi hans mun seinna kaupa handa honum alvöru bát sem hann getur siglt.



Nú er hann Charcot fullorðinn og orðinn læknir. Hann á eftir að vinna sem læknir í nokkur ár áður en hann ákveður að uppfylla æskudrauma sína og fara á sjóinn.



Charcot eignast fyrsta bátinn sinn 25 ára þegar pabbi hans gefur honum skútu. Einu ári síðar selur hann skútuna og lætur smíða skip handa sér sem hann nefnir Pourquoi-Pas?. Leikfangabátarnir hans hétu það sama þegar hann var lítill strákur.




Charcot finnst Frakkar vita alltof lítið um lífið í sjónum. Hann vill rannsaka sjóinn til þess að geta kennt fólki meira um lífið þar og til þess að læra meira sjálfur.



Charcot ákveður að fá marga vísindamenn úr mismunandi fræðigreinum með sér í að rannsaka heimskautin, það er Suðurskautið og Norðurskautið, hvítu doppernar sem við sjáum efst og neðst á hnettinum. Það hefur ekki verið farið í leiðangra með svona marga mismunandi vísindamenn áður.




Árið 1903 leggja Charcot og vísindamennirnir hans af stað til Suðurskautslandsins. Þetta er hættulegt ferðalag sem fáir hafa farið áður. Ferðin þangað er mikið ævintýri því þeir sigla í umhverfi sem þeir þekkja ekki.




Mennirnir eru í nýu mánuði á Suðurskautslandinu. Það er erfitt að vera svona lengi í burtu frá fjölskyldu og vinum og þess vegna þurfa þeir að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera þegar þeir eru ekki að vinna. Charcot skemmtir sér oft við það að spjalla við mörgæsirnar sem eiga heima á Suðurlpólnum. Þær koma alveg upp að andlitinu á honum og svara honum á tungumáli sem hann skilur því miður ekki. Charcot þykir þessi dýr mjög falleg og skemmtileg.




Stundum spila ferðalangarnir tónlist á plötuspilara sem þeir tóku með sér í ferðina. Það þykir mörgæsunum undarlegt því þær hafa aldrei heyrt tónlist áður. Þegar þær heyra í tónlistinni koma þær og kíkja á hvað mennirnir eru að gera og hvaðan þessi skrítu hljóð koma.



Mennirnir þurfa líka að vinna mikið á Suðurskautslandinu og geta ekki alltaf verið að skemmta sér. Þeir uppgötva fjölmargar óþekktar dýrategundir. Þeir finna meðal annars 27 nýjar tegundir af marflóm, 14 nýjar krossfiskstegundir, 4 nýjar tegundir af ígulkerum og alls 28 nýjar tegundir af sæköngulóm en það eru mjög skrítnin dýr með marga langa og mjóa fótleggi.



Þeir rannsaka fleira en lífverur á Suðurljónum því tilgangur ferðarinnar er líka að rannsaka landið sjálft en Charcot þykir landkönnun mjög spennandi. Á ferðalagi sínu um pólinn uppgötva þeir marga staði sem enginn hefur komið til áður.



Charcot og félagar hans fóru tvisvar sinnum í leiðangur til Suðurskautsins áður en þeir kvöddu mörgæsirnar og sneru sér að norðurslóðum þar sem þeir áttu eftir að lenda í ennþá fleiri ævintýrum.



Charcot kemur oft í heimsókn til Íslands á skipinu sínu Pourquoi-Pas? vegna þess að það er svo nálægt Grænlandi þar sem hann er núna í rannsóknarleiðangri. Hann kemur hingað til þess að ná í mat, vatn og kol og hefur með sér til Grænlands. Charcot hefur eignast marga íslenska vini í heimsóknum sínum á Íslandi og honum finnst mjög skemmtilegt að heimsækja þá.




Charcot er búinn að eignast fleiri vini í leiðangri sínum til Grænlands. Nýjasti vinur hans er mávurinn Ríta sem fannst meiddur á þilfari skipsins. Charcot ákvað að lækna fuglinn og leyfa honum að búa á skipinu þar til hann væri búinn að jafna sig en þegar Ríta var orðin frísk vildi hún ekki fara af skipinu. Núna eru Charcot og mávurinn Ríta orðnir bestu vinir.




Um borð á Pourquoi-Pas? búa líka kisan Chatacajou og hundurinn Bobeete. Þau eru bestu vinir og eru alltaf saman.




Núna er árið 1936 og Charcot er orðinn 69 ára gamall. Hann og menn hans eru á leiðinni til Kaupmannahafnar eftir að hafa verið við rannsóknir á Grænlandi og ákveða að koma við á Íslandi eins og svo oft áður. Þann 3. september eru þeir loksins komnir til Reykjavíkur eftir erfiða ferð frá Grænlandi. Þeir geta ekki stoppað lengi en gera þarf við skipið áður en þeir halda áfram. Þann 14. september er skipið tilbúið en það er alltof vont veður til þess að leggja af stað.




Daginn eftir er komið ágætis veður, Charcot hlustar á veðurfréttirnar og ákveður svo að leggja af stað til Kaupmannahafnar um hádegi. Margir vinir Charcot koma niður á bryggju til þess að kveðja hann og áhöfnina. Það gæti verið langt þar til Charcot sér vini sína á Íslandi aftur en hann veit ekki að hann mun aldrei sjá þá framar.



Skipið Pourquoi-Pas? komst aldrei til Kaupmannahafnar, vont veður skall á og skipið strandaði fyrir utan Borgarfjörð, um það bil 2.500 metra frá landi. Aðeins einn úr áhöfninni komst í land og lifði slysið af. Hinir 40, þar á meðal Charcot, lifðu þetta hræðilega slys ekki af.



Jean-Baptiste Charcot lifði ævintýrlegu og óvenjulegu lífi. Allir geta tekið hann sér til fyrirmyndar enda reyndi hann alltaf að vera góður bæði við menn og dýr. Hann var ávallt tilbúinn til þess að læra eitthvað nýtt og takast á við nýjar áskoranir. Það ættum við öll að reyna að gera.



Heimildir:

Serge Kahn (2006). *Jean-Baptiste Charcot. Heimskautafari, landkönnuður og læknir* (Friðrik Rafnsson, þýð.). Reykjavík: JPV útgáfa.